



Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga
Garðarsbraut 5, 640 Húsavík
Sími: 464-0415, Bréfsími: 464-0406,
trvggvi@atthing.is
www.atthing.is

Húsavík 23. nóvember 2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/257
komudagur 24. 11. 2006

Tilvísun: Bréf dagsett 11. nóvember 2006 – 133. löggjafarþing 2006-2007.
Frumvarp til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun.

Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hefur áður veitt umsögn um samskonar frumvarp á síðasta löggjafarþingi sbr. bréf dagsett 24. apríl 2006. Það sem hér fer á eftir er því að einhverju leyti endurtekning á því.

Með frumvarpinu er stefnt að því að sameina stofnanir sem starfa að nýsköpun, tæknirannsóknum, atvinnu- og byggðaþróun og heyra undir Iðnaðarráðuneytið. Hér verður ekki frekar fjallað um þann hluta er fjallar um starfsemi sem nú heyrir undir Iðntæknistofnun og Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins enda greinilegir sameiginlegir þættir og sýnilega mikil vinna lögð í samhæfingu þeirra stofnana. Þegar kemur hins vegar að tengingu og sameiningu við starfsemi Byggðastofnunar er ýmislegt sem þarf að skoða betur.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni. Verkefnasvið stofnunarinnar er því vítt og spannar væntanlega alla flóru atvinnumála svo dæmi sé tekið. Í þessu ljósi er rétt að velta fyrir sér hvort eðlilegt sé og líklegt til heildarárangurs í byggðaþróunarstarfi að sameina stofnanir sem annars vegar hafa heildarsýn atvinnu- og landsbyggðamála að leiðarljósi og hins vegar starfsemi sem byggir á afmarkaðri geira atvinnulífsins en um leið á landsvísu.

Mikilvægt er að í lögunum verði kafli um svæðisbundin atvinnuþróunarfélög enda eru þau hluti af nýsköpunar, þróunar- og stuðningskerfi sem frumvarpið fjallar um. Þar verði hlutverk þeirra skilgreint og tekið á með hvaða hætti þau verða fjármögnuð. Rekstrarform atvinnuþróunarfélagana er breytilegt, þau eru rekin sem byggðasamlög, oft í tengslum við landshlutasamtök, sem hlutafélög eða eins og á Austurlandi sem einföld félög þar sem félagar geta verið sveitarfélög, fyrirtæki eða einstaklingar. Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga er hlutafélag í eigu sveitarfélaganna í Þingeyjarsýslu, Byggðastofnunar, stéttarfélaganna og nokkra fyrirtækja á svæðinu. Þetta fyrirkomulag hefur gefist okkur vel og samstaða er um starfsemi félagsins.

Tilkoma atvinnuþróunarfélaganna í núverandi formi er samkvæmt stefnu stjórnvalda frá árinu 1997. Starfsemi þeirra hefur farið vaxandi með hverju ári og full þörf á að efla tekjustofna þeirra. Byggðastofnun hefur gert, væntanlega í umboði IVR, samninga við atvinnuþróunarfélögin og haft á hendi umsjón með framkvæmd þeirra.

Í greinargerð með frumvarpinu er ekki gerð grein fyrir starfsemi þessara félaga nema þá hugsanlega þar sem "þekkingarsetur" eru nefnd til sögunnar. Hér verður að benda á að mikilvægt er að skilgreina og setja fram hvað átt er við með hugtökum t.d. þekkingarsetur. Hér er starfandi Þekkingarsetur Þingeyinga og ákvörðun um þá nafngift var tekin að vandlega íhuguðu máli m.a. í samráði við


menntamálaráðuneytið. Þekkingarsetur Þingeyinga og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga eiga ágætt samstarf en eru tvær stofnanir með mismunandi hlutverk og starfsemi.

Í 4. grein er komið inn á samráð við atvinnuþróunarfélögin varðandi staðbundna starfsemi. Bygðamál eru langtímaverkefni og mikilvægt er t.d. að tryggja öfluga starfsemi atvinnuþróunarfélaga til lengri tíma enda eru þau um leið mikilvæg tenging við “grasrótina”.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að gert sé ráð fyrir að aðgerðir stjórnvalda verði í auknum mæli í tengslum við vaxtarsamninga sem við teljum fela í sér ýmis tækifæri. Í þessu ljósi er mikilvægt að vekja athygli á því að slíkir vaxtar- eða þróunarsamningar tengist starfsemi atvinnuþróunarfélaganna og nái þá til þeirra allra. Í dag hefur AÐ t.d. ekki aðild að slíkum samningi.

Staðsetning þjónustunnar getur skipt máli og við viljum forðast frekari miðstýringu. Við bendum á þann möguleika að starfandi atvinnuþróunarfélög og þekkingarsetur taki að sér skilgreind viðfangsefni eða hlutverk þar sem nefnd eru “frumkvöðlasetur” og “þekkingarsetur” í frumvarpinu. Jafnframt er itrekað að ljóst sé hvað er átt við með hugtökum og að sú notkun fari ekki á skjön við það sem nú er í gangi sbr. þekkingarsetur. Í þessu sambandi má einnig minnst á hugtakið “atvinnuþróunarfélag” en í okkar tilfelli væri nær sanni að tala um byggðapróun enda viðfangsefni að ýmsu toga þó atvinnumál séu þar veigamest.

Virðingarfyllst,
f.h. Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga


Trygvi Finnsson
-framkvæmdastjóri-